Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 10. apríl 2026
Kl. 09:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Stella Samúelsdóttir, formaður þróunarsamvinnunefndar, Kolbrún Pálsdóttir (Barnaheill), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi), Þór Ásgeirsson (GRÓ FTP), Sveinn Óskar Sigurðsson (Miðflokkurinn), Ingvar Þóroddsson (Viðreisn), Ragnar Schram (SOS Barnaþorp), Kolbrún Baldursdóttir (Flokkur fólksins), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar) og Birna Þórarinsdóttir (UNICEF).

Irma Erlingsdóttir (GRÓ GEST) og Dagbjört Hákonardóttir (Samfylkingin) sóttu fundinn á Teams.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, Anna Hjartardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu alþjóðapólitískra málefna, Þorvarður Atli Þórsson, deildarstjóri málefna hafsins og Jón Erlingur Jónasson, sérlegur erindreki málefna hafsins.

Nefndarritari: Sara Diljá Sigurðardóttir.

1. Fundur settur (09:04)

Fundargerð frá fundi nefndarinnar 6. febrúar 2026 var samþykkt án breytinga. Formaður nefndarinnar svaraði fyrirspurn sem lá fyrir eftir seinasta fund varðandi tilnefningu þróunarsamvinnunefndar í stjórn GRÓ—Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu. Í svari frá laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins kemur fram að tilnefning nefndarmanna í stjórn GRÓ skapi ekki hagsmunaárekstra þar sem um eyrnamerkt fjármagn til bæði GRÓ—Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu og félagasamtaka og því ekki um baráttu um sama fjármagn að ræða. Þannig standast tilnefningar nefndarinnar kröfur.

2. Málefni hafsins í þróunarsamvinnu (09:10)

Þorvarður Atli Þórsson, deildarstjóri málefna hafsins á þróunarsamvinnuskrifstofu kynnti stöður og áherslur í málefnum hafsins í þróunarsamvinnu. Heimsmarkmið 14 fær minnst af fjármagni þróunarsamvinnu eða um það bil 1% af heildarframlögum. Til að ná settu markmiði þurfa framlög til málaflokksins að nema um 175 milljörðum bandaríkjadala á ári en á tímabilinu 2015-2019 voru framlög til flokksins um 10 milljarðar bandaríkjadala.

Í málefnum hafsins er unnið samkvæmt stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028, þar sem lögð er áhersla á fjölþjóðlegt samstarf. Unnið er með fjórum meginstoðum sem eru Matvæla og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Bláfæðubandalagið (Aquatic Blue Food Coalition), Alþjóðaviðskiptastofnunin (World Trade Organization) og Alþjóðabankinn (World Bank). Þorvarður greindi frá langvarandi stuðningi við hin ýmsu verkefni á vegum FAO á sviði fiskveiða, meðal annars verkefni sem styðja þróunarríki í því að

sporna gegn ólöglegum fiskveiðum (GIES/PSMA) og efla þátttöku þeirra í nefndum um fiskveiðistjórnun. Þá kom einnig fram að íslenskur starfsmaður starfar tímabundið hjá FAO, með áherslu á þróunarríki, og er stefnt að því að sú staða verði varanleg.

Þá fór Þorvarður stuttlega yfir í hverju aukin framlög til málefna hafsins felast.

Þorvarður fór yfir þær stofnanir sem þróunarsamvinnuskrifstofa hefur stutt við hjá Sameinuðu þjóðunum, til að mynda þátttöku ríkja í Hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (UNOC) sem haldin var í Nice í Frakklandi í fyrra. Einnig hefur verið veittur stuðningur til fulltrúa þróunarríkja til að sitja í sérstakri nefnd sem fjallar um fiskveiðistjórnun. Þá kom fram að fulltrúi Íslands situr í stjórn og tók þátt í mótun reglna fyrir nýjan sjóð sem stofnaður hefur verið um ríkisstyrki í sjávarútvegi á vettvangi WTO. Sjóðnum er ætlað að styðja þróunarríki við innleiðingu nýs samnings sem miðar að því að stöðva skaðlega ríkisstyrki í sjávarútvegi.

Þá sagði Þorvarður frá samstarfi og stuðningi við PROBLUE sjóðinn hjá Alþjóðabankanum, (áður PROFISH) sem er einn helsti þróunarsjóðurinn á sviði málefna hafsins. PROBLUE hefur bæði bein áhrif með eigin verkefnum og með stuðningi við svokallaðar „bláar“ fjárfestingar í þróunarríkjum. Íslenskur sérfræðingur hefur nýlokið störfum hjá sjóðnum, og hafa aðrir sérfræðingar komið að styttri verkefnum á vettvangi hans.

3. Bláfæðubandalagið (09:20)

Jón Erlingur Jónasson, sérlegur erindreki málefna hafsins kynnti Bláfæðubandalagið fyrir nefndinni, og nefndi einnig að Ísland er ekki aðeins að styrkja með fjárframlögum heldur einnig þekkingaruppbyggingu líkt og í gegnum GRÓ skólana fjóra.

Bláfæðubandalagið, sem er samstarf ríkja, stofnana, félagasamtaka og fræðasamfélagsins, varð til í kjölfar leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um fæðukerfisbreytingar, þar sem bláfæða fékk litla umfjöllun. Í kjölfarið tóku nokkur ríki sig saman og beindu athygli að mikilvægi hennar fyrir fæðuöryggi. Bláfæða er stór hluti af dýrapróteinneyslu og er, þegar litið er til næringarefna, ein fjölbreyttasta uppspretta næringar úr fæðukerfum. Um þrír milljarðar manna reiða sig á bláfæðu til lífsviðurværis.

Jón kynnti þá ógn sem loftslagsbreytingar steðja að hafinu og líklegar afleiðingar þeirra á næstu áratugum, verði ekki gripið til aðgerða. Bláfæðubandalagið reynir að vekja athygli og hafa áhrif á mikilvægi þess að stjórnvöld taki tillit til bláfæðu í stefnumótun og áætlanagerð í tengslum við loftslagsbreytingar.

Hann benti á að eðli og umfang áskorana á landi og í hafi vegna loftslagsbreytinga séu ólíkar og málefni landsins fái gjarnan meiri athygli í almennri umræðu. Þá benti hann á sérstöðu bláfæðunnar hvað varðar lágt kolefnisfótspor jafn vel svo að ákveðnar tegundir skelja í fiskeldi hafi neikvætt kolefnisspor ef rétt er staðið að ræktun og vinnslu þeirra.

Þá talaði Jón um mikilvægi þess að þróunarríki fái viðeigandi stuðning er kemur að bláfæðu. Bláfæðubandalagið var stofnað árið 2022 og hefur Ísland gegnt formennsku í bandalaginu frá upphafi en skrifstofa þess er rekin af Environmental Defence Fund (EDF) í Bandaríkjunum. Einungis tvö ríki hafa veitt bandalaginu beinan fjárstuðning, en það eru Ísland og Þýskaland, en framlag EDF sem rekur skrifstofuna er margfalt á við það sem ríki hafa lagt fram með fjármunum. Jón fór jafnframt yfir aðildalönd bandalagsins en þeirra á meðal eru aðilar sem komu inn á síðasta ári; Brasilía, Mexíkó, Indónesía og Síerra Leóne, sem gerðust aðilar eftir að

hafa notið stuðnings og aðstoðar Bláfæðubandalagsins, s.s. við innleiðingu bláfæðu í loftslagsmarkmið, úttektar á bláa hagkerfinu og yfirlestrar á drögum að fiskveiðistefnu.

Bláfæðubandalagið leggur áherslu á að auka sýnileika og mikilvægi bláfæðu á alþjóðavettvangi og taka fulltrúar þess þátt á alþjóðlegum fundum þar sem málefnið er til umræðu. Bandalagið tekur virkan þátt í alþjóðlegum viðburðum og kom meðal annars að undirbúningi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins. Þá aðstoðaði bandalagið einnig við skipulagningu COP30 í Brasilíu.

Þá sagði Jón frá stuðningi Íslands við Síerra Leóne við gerð nýrrar fiskveiðistefnu en Alþjóðabankinn kom einnig að því verkefni. Jón sagði það gefandi fyrir vegferð Bláfæðubandalagsins að vinna meira með bankanum þar sem einblínt er á eitt ríki.

Bláfæðubandalagið hefur sett fram leiðbeiningar fyrir ríki um hvernig fella megi bláfæðu inn í landsákvörðuð framlög í loftslagsmálum.

Þá fór Jón yfir það sem er framundan hjá Bláfæðubandalaginu. Þar ber hæst að bandalagið mun halda vinnufund með sjö ríkjum frá Afríku þar sem einblínt verður á að aðstoða þau í að tala fyrir mikilvægi bláfæðunnar í tengslum við loftslags breytingar (*Blue Food Champion),* en vegferðin mun hefjast á ráðstefnu sem bandalagið er þátttakandi í og haldin verður í Kenía í júní 2026. Að lokum benti hann á kosti þess að lítið ríki, líkt og Ísland, leiði þessa vegferð sem Bláfæðubandalagið stendur fyrir, og nefndi þar meðal annars sveigjanleika og hraða stjórnsýslunnar til að vinna verkefni og koma þeim í farveg.

4. Umræður (09:52)

Í umræðum eftir kynningarnar var vakin athygli á því að Ísland hefur lengi verið leiðandi í málefnum hafsins og bláfæðu og hafi veruleg áhrif á þessa málefnaflokka. Þá var spurt hvort að „Samherjamálið“ hafi haft áhrif á orðspor Íslands er kemur að málefnum hafsins og hvort að dreginn hafi verið lærdómur af því máli. Einnig var spurt hvort að hugmyndafræðin sé að skila sér til þróunarríkja og hversu mikið af þeim verkefnum sem unnið er að skili árangri. Einnig var spurt út í smábáta- og iðnaðarveiðar þróunarríkja.

Jón Erlingur og Þorvarður sögðu „Samherjamálið“ að þeirra mati ekki hafa haft áhrif á orðspor Íslands í málaflokknum. Þá telja þeir orðspor Íslands í málaflokknum miklu frekar byggjast á þeirri gífurlegu þekkingu og nýsköpun sem sé til staðar hér á landi. Þá sagði hann veiðar í þróunarríkjum mótast að miklu leyti af takmarkaðri þekkingu á nýtingarmöguleikum. Þar sem unnið sé að verkefnum með áherslu á aukna nýtingu fiskiafurða hafi hún stóraukist í sumum tilvikum. Hann tók jafnframt fram að stjórnvöld í Afríku hafi ekki að fullu gert sér grein fyrir þeim tekjustraumi sem felst í bættri nýtingu.

Jón benti á að veruleg tækifæri væru til staðar í málaflokknum og nefndi sem dæmi að um 80% þess fisks sem landað er, á heimsvísu, til manneldis komi úr fullnýttum og sjálfbærum stofnum.

Þá kom einnig fram að áhersla í þróunarsamvinnu í tvíhliða samstarfslöndum er á uppbyggingu félagslegra innviða, s.s. menntun, heilbrigðismála og vatns- og hreinlætis, sem byggist á forgangsröðun og óskum samstarfsríkjanna. Þó sé haldið í upprunann, sem byggist á stuðningi við uppbyggingu í fiskigeira, með því að styðja við íbúa strandhéraða, en þar sé oft mikil fátækt.

Spurt var hvaða lönd væru að verða „Erindrekar bláfæðu“, (*Blue Food Champions*)*,* sem eru Madagaskar, Ghana, Kenía, Tansanía, Síerra Leóne, Seychelles-eyjar og Namibía. Að auki kom fram að Afríkuríki þurfa að auka fiskeldi um 75% til að vinna gegn hungri í heimsálfunni.

5. UNRWA, mannúðarstarf, fjárhagsstuðningur og orðsporsáhætta (10:23)

Sveinn Óskar Sigurðsson, fulltrúi Miðflokksins í þróunarsamvinnunefnd hafði óskað eftir sérstakri umræðu um framangreind málefni, sem hann kynnti. Hann sagði frá áhyggjum sínum af því að hugsanlega væri ekki nægilega vel farið með fjármuni hins opinbera í verkefnum tengdum þróunarmálum. Vísaði hann til úttektar KPMG frá árinu 2021 um þróunarsamvinnukostnað vegna umsækjenda um vernd og kvótaflóttafólks á Íslandi, þar sem m.a. var fjallað um samstarf sveitarfélaga og ríkis. Niðurstöður bentu til skorts á gagnsæi og bókhaldsfrávika. Taldi hann að þær niðurstöður vektu spurningar um hvort sambærileg atriði gætu komið upp í verkefnum sem njóta stuðnings íslenskra stjórnvalda erlendis, fjarri því eftirliti sem hér færi almennt fram.

Þá nefndi Sveinn meint tengsl UNWRA við árásina á Ísrael 7. október 2023 og sagði að gögn sýndu að allt að 10% starfsmanna samtakanna hafa verið orðuð við árásina samkvæmt upplýsingum ísraelskra stjórnvalda. Fram kom að verulegt ósamræmi ríki í upplýsingum um hversu bágborið ástandið á Vesturbakkanum er og að erfitt sé að rannsaka það með fullnægjandi hætti. Hann vísaði einnig til nýlegs úrskurðar Alþjóðaglæpadómstólsins og skyldur ríkja í tengslum við aðstoð við íbúa Gaza. Sveinn kvaðst vilja vekja umræðu um ábyrgð sem fylgir því að veita styrki og ráðstafa þeim en sagði sig ekki vera að taka efnislega afstöðu til niðurstöðu úrskurðarins.

Þá sagði Sveinn að eftirlit og gagnsæi, þegar kemur að meðferð og úthlutun opinberra fjármuna, gríðarlega mikilvægt. Þá þyrfti að vera hægt að taka afstöðu gagnvart því hvort að fjármunirnir nýtist vel og hvar þeir endi. Vildi hann meina að gagnsæi gagnvart almenningi, þ.e. skattgreiðendum, væri ábótavant þegar kemur að framlögum Íslands til þróunarmála, t.a.m. til UNWRA. Sveinn ítrekaði í þessu ljósi að líkur séu á að skólagögn og efni, sem berst börnum erlendis í gegnum þróunarverkefni, gætu verið óvönduð og jafnvel ekki viðeigandi. Mikilvægt er að gera einhvers konar gæðamat áður en afhending fer fram. Hér á landi, sé litið til framangreindrar úttektar KPMG og reynslu varðandi gæði og framboð á kennsluefni, virðumst við sjálf hér heima eiga erfitt með að takast á við gæðavandamál af slíkum toga. Markmiðið ætti að vera að tryggja öllum börnum gott námsefni og góð námsgögn hvar svo sem þau búa.

Sveinn dró fram mikilvægi þess að fjárstreymi til UNRWA, ef á annað borð eigi að veita hann, sé sýnilegt almenningi og að skýrt sé hver tryggir gæði og innihald þess efnis, m.a. námsefnis, sem fjármagnið er nýtt til að kaupa og gefa. Svo virðist vera að fáir ef nokkur geti svarað fyrir það. Þá sagðist hann líkur vera á að eftirliti erlendis, þ.e. með framlögum og styrkjum, sé ábótavant, sérstaklega á stöðum líkt og á Gaza þar sem átök geysa. Hann sagði eftirlitið þurfa að vera á hendi utanríkisþjónustunnar, þróunarsamvinnuskrifstofu eða óháðra viðurkenndra aðila.

Þá benti Sveinn á meðalgöngu íslenskra stjórnvalda í máli Suður-Afríku fyrir Alþjóðadómstólnum og á þau matsatriði þegar ákveðið er hvaða málflutning íslensk stjórnvöld kjósi að tengja nafn sitt við. Suður-Afríka hefur farið fram á að Ísrael verði dæmt brotlegt við skyldur sínar samkvæmt hópmorðssáttmála Sameinuðu þjóðanna. Að mati Sveins feli þátttaka í málinu og tenging við Suður-Afríku í sér mögulega orðsporsáhættu.

Sveinn benti á að þetta séu umfangsmikil málefni sem að mikilvægt sé að standa vörð um, meðal annars með traustu eftirlit og gæðastjórnun innan ráðuneytisins. Því sé mikilvægt að endurmeta áhættur áður en skattfé er útdeild, þ.e. fjármunum, og annar stuðningur veittur af

almannafé. Hann ítrekaði að verið væri að gera góða hluti víða og mikilvægt í öllum störfum að gætt sé að orðspori Íslands í þróunarmálum og hvers kyns stuðningi á erlendum vettvangi.

6. Umræður (10:46)

Í umræðum kom fram að mikilvægt sé að öll fjármálaumsýsla og ferli séu gagnsæ og að gerðar séu miklar kröfur til þeirra sem þiggja styrki til að vinna verkefni í þróunarríkjum. Leiðir til framkvæmda (e. *Means of Implementation)* gera miklar kröfur til móttakenda styrkja og þurfa aðilar að uppfylla strangar kröfur um umsýslu, eftirlit og árangur til að fá fjármuni frá stjórnvöldum. Rætt var um gæði menntunar og stöðu UNRWA sem er slæm eftir miklar árásir frá Ísrael sem hindra starfsemi samtakanna.

Nefndarmenn áréttuðu að mikið eftirlit sé með öllum fjármunum sem félagasamtök fái frá stjórnvöldum og fóru yfir þau ferli, m.a. úttektir á rekstri, sem farið er í áður en gengið er til samninga um verkefni og styrkir veittir.

Hvað varðar gagnsæi framlaga íslenskra stjórnvalda til opinberrar þróunaraðstoðar var bent á vefinn openaid.is þar sem gerð er grein fyrir öllum framlögum. Gerðar eru úttektir á öllum verkefnum, svo sem fjárhagsúttektir og árangursúttektir.

Fram kom að í ljósi ásakana á hendur UNRWA um aðild tólf starfsmanna stofnunarinnar að hryðjuverkaárás Hamas á Ísrael var greiðslum Íslands til stofnunarinnar frestað í upphafi árs 2024. Ákvörðun var svo tekin í mars sama ár að greiðslan yrði greidd fyrir gjalddaga, enda var þá hafin óháð úttekt á starfsemi UNRWA og stofnunin skuldbundið sig til að fara í ákveðið umbótastarf. Þá var áréttað að UNRWA undirgengst ýmiskonar eftirlit, rétt eins og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Loks kom fram að UNRWA er ein af áherslustofnunum í mannúðaraðstoð í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028, en stefnan var samþykkt samhljóða á Alþingi í desember 2023.

Rætt var um úttekt KPMG sem Sveinn vitnaði í og tenging hennar við þróunaraðstoð dregin í efa þar sem hún fjallaði fyrst og fremst um kostnað sem fellur til vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og telst til opinberrar þróunaraðstoðar. Taldi Sveinn tenginguna vera viðeigandi þar sem hún fjalli um ríkisfjármuni. Varðandi úttekt á UNRWA sagði hann mikilvægt að íslensk stjórnvöld hafi varan á er komi að styrkjum til stofnunarinnar.

Formaður áréttaði í lok fundar mikilvægi þess að vera með stöðugt og öflugt eftirlit með fjármunum og í því samhengi er mikilvægt að fulltrúar þróunarsamvinnunefndar hefðu tækifæri til að fara á vettvang og sjá árangur af þróunarsamvinnu Íslands með eigin augum.

Gert hafði verið ráð fyrir kynningu á og umræðu um alþjóðleg umhverfismál, en sökum tímaskorts var þeim dagskrárlið frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 11:15